

Innviðaráðuneytið

B.t. þess sem málið varðar

Efni: Stjórnsýslukæra vegna málsmeðferðar sveitafélagsins Fjarðabyggðar á ósk okkar um smölun ágangsfé af landi okkar Óseyri Stöðvarfirði 11. júní 2023

1. Fjórði kafli laga um afréttmálefni og fjallskil nr. 6/1986 er um úrræði sem landeigendur hafa til að vernda eigur sínar fyrir ágangsfé. Úrræðin eru í almennum orðum eftirfarandi:

- Ef ágangur búfjár úr afrétti í heimaland er verulegur ber sveitarstjórn að smala og skila á afréttinn eða í skilarétt.
- Meirihluti landeigenda getur óskað eftir að heimalönd þeirra séu girt frá afrétti ef ágangur er verulegur.
- Ef ágangur er úr einu heimalandi í annað skal sveitarstjórn smala ágangsfénu og skila þangað þar sem það má vera, og rukka eigendur fjárins fyrir smölunarkostnaði.
- Búfjáreigendur eru bótaskildir fyrir tjóni í engjum, túnum, garðlöndum eða öðrum girtum svæðum.
- Lögregla skal smala ágangsfé, ef sveitarstjórn sinnir ekki skyldu sinni (bættist við 1997).

Efni og andi laganna er að eigendur heimalanda geta leitað til opinberra aðila til að vernda eigur sínar fyrir skemmdum af hálfu annarra manna búfjár.

2. Um þennan kafli í lögum um afréttamálum segir í álitum Umboðsmanns alþingis dags. 11. október 2022 (mál nr. 11167/2021):

Ákvæði IV. kafli laga nr. 6/1985 fjalla í heild sinni um þau úrræði sem umráðamanni lands eru tiltæk í krafti eignarréttar við þær aðstæður að hann verður fyrir ágangi búfjár. Er þau í samræmi við stjórnarskrárverndaða friðhelgi eignarréttarins og styðjast þar að auki við þá aldagömlu grunnreglu að búfjáreigendum sé óheimilt að beita fé sínu leyfislaust á annars manns land.

3. Ég sendi formlega beiðni til sveitarstjórnar Fjarðabyggðar þann 11. júní sl. að hópur ágangsfjár væri í landi mínu Óseyri og óskaði eftir að sveitarstjórn færi að 4. ml. 33. gr. laga um afréttamálefni, og smalaði ágangsfénu og skilaði þangað þar sem það má vera. Fulljóst var að féð kom í land mitt úr heimalandi.
4. Þann 16. júní var orðið ljóst að sveitarfélagið ætlaði ekki að bregðast hratt við beiðni minni um skaðaminnkandi aðgerð, að smala fénu og skila þangað sem það ætti að vera, og því sendi ég formlegt erindi á Lögreglustjórn á Austurlandi þar sem ég óskaði eftir að hann færi að 2. mgr. 33. gr. laga um afréttamálefni nr. 6/1986, þ.e. smalaði fénu og skilaði þangað þar sem það mætti vera
5. Föstudaginn 16. júní barst okkur eftirfarandi svar frá sveitarfélaginu:

Erindi ykkar varðandi smölun á ágangsfé var **mótttekið þann 12. júní sl.** Erindið verður tekið fyrir á næsta fundi bæjarráðs Fjarðabyggðar sem áætlað er að fari fram **mánudaginn 26. júní nk.**

Skv. fundargerð bæjarráðs þann dag var afgreiðsla málsins eftirfarandi:

Beiðni um smölun ágangsfjár í Óseyri Stöðvarfirði. Framlagt erindi Ívars Ingimarsson frá 11. júní vegna smölunar á ágangsfé í landi Óseyrar á Stöðvarfirði. Jafnframt er framlagt erindi Lögreglustjórnans á Austurlandi um ágang búfjár. **Bæjarráð vísar erindi til fjallskilanevndar.** Jafnframt er bæjarstjóra falið að senda Sambandi íslenskra sveitarfélaga erindi um gerð verklegsreglna á grunni álits innviðaráðuneytis um ágang búfjár og svara erindi lögreglustjórnans.

Í umræddu framlögðu erindi Lögreglustjórnans á Austurlandi, dagsett 20. júní, voru eftirfarandi spurningar:

- a. Hefur erindi borist vegna ágangsfjár á jörðinni Óseyri Stöðvarfirði, hvenær gerðist það og hefur Fjarðabyggð brugðist við því?
- b. Er vitað hvaðan búfénaðurinn kemur og hver sé eigandi þess?
- c. Er vitað hvort búfénaðurinn kemur af afrétt eða heimalandi?
- d. Eru landamerki jarðarinnar afdráttarlaus?
- e. Eru til staðbundnar samþykktir um smölun?
- f. Er landsvæðið girt?

Um spurningar Lögreglustjóra. Hver á ágangskindur er ómögulegt að vita fyrir vissu fyrr enn þær eru handsamaðar. Þá væru staðbundnar samþykktir um smölun væntanlega ekki ofar landslögum. Hvort landið sé girt eða ekki skiptir ekki máli skv. álitum landbúnaðarráðuneytis, sbr. álit innviðaráðuneytisins nr. 59/2009, þar sem segir að ráðuneytið hafi óskað eftir

afstöðu landbúnaðarráðuneytisins um hvort skipti máli um smölunarskyldu sveitarfélaga hvort land væri girt eða ekki. Þar segir um skoðun landbúnaðarráðuneytisins:

Að ákvæði 33. gr. laganna verði að skýra við önnur ákvæði laganna, einkum 34. gr. og telur að „... skylda sveitarfélags til að smala ágangsfé skv. 33. gr. afréttalaga sé ekki bundin því skilyrði að land sem sætir ágangi búfjár sé girt fjárheldri girðingu.“

6. Þann 3. júlí hafnaði lögreglustjóri Austurlands beiðni okkar á þeim forsendum að málið væri í eðlilegum farvegi hjá sveitafélaginu og m.a. vísað til þess að því hefði verið vísað til fjallskilaneftdar.
7. Eins og kemur fram í fundargerð bæjarráðs var erindi okkar sent til fjallskilaneftdar. Sú nefnd hugðist funda 10. Júlí en þeim fundi hefur verið frestað til 13. Júlí. Formaður nefndarinnar er jafnframt formaður Félags sauðfjárbænda á Suðurfjörðum. Hann kom fram í fréttum ríkissjónvarpsins þann 9. mars sl. þar sem hann kvað ógjörning fyrir sauðfjárbændur að gæta eigin búfjár. Varaformaður fjallskilaneftdar er líklegastur til að eiga hluta ágangsfjárins í landi okkar og staðfesti hann í sjónvarpsviðtali í kvöldfréttum Ríkissjónvarpsins þann 29. júní sl., að fé hans gengi oft yfir í Stöðvarfjörð og hann gerði ekkert til að varna því. Augljóst er að þessar aðilar eru fullkomlega vanhæfir til að fjalla um þetta mál sem tengist þeirra persónulega hagsmunum og þeir hafa margoft tjáð sig um. Samt vísar bæjarráð máli mínu þangað!
8. Nú eru liðnir 29 dagar frá því að óskað var eftir að ágangsfénu væri smalað af landi okkar og skilað þangað sem það má vera í samræmi við lög. Spyrja má sig hvenær verður að smala, innan hvað tíma, eru það 2 dagar, vika, 2 vikur, mánuður, fyrir réttir eða kannski bara á næsta ári. **Auðvitað þarf að smala eins fljótt og verða má – því skaðinn eykst dag frá degi.**
9. Skv. 1. mgr. 9. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 ber stjórnvaldi að taka ákvörðun í málum svo fljótt sem unnt er. Þegar leitað er til stjórnvalds til að fá vernd fyrir árás á eignir sem njóta stjórnarskrárvarinnar friðhelgis, hlýtur krafan að vera að við verði brugðist bæði hratt og örugglega. Rétt eins og ef þjófur væri inn í húsi manns og væri að brjóta þar og bramla – þá getur ekki verið ásættanlegt, eða löglegt, að stjórnvald sem er falið að vernda eigurnar taki mál ekki fyrr en á fundi eftir viku – og vísi málinu þá í nefnd, þar sem varaformaðurinn er að öllum líkindum þjófurinn.
10. Augljóst má vera að brýnt er að aflétta hinu ólögsmæta ástandi og forða frekara tjóni, eins fljótt og auðið er, með því að handsama féð og setja í aðhald. Þegar vitað er hver á féð, og féð er hætt að valda tjóni, er hægt að taka ákvarðanir um framhaldið. Einfaldast væri að setja á gjaldskrá fyrir handsamað ágangsfé, eins og t.d. hefur verið gert í Vestmannaeyjum.
11. Hér með kæri ég meðferð sveitafélagsins Fjarðabyggðar um að bregðast ekki hratt við og smala ekki sauðfé af landi okkar þegar við óskum eftir að slíkt sé gert.

Egilsstaðir þann 11. júlí 2023,
Ívar Ingimarsson